

Alþingi
Erindi nr. P 128/1453
komudagur 4. 3. 2003

Til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis.

Undirrituð er formaður félags um rannsóknir á lyfjanotkun. Félag um rannsóknir á lyfjanotkun er hópur sérfræðinga sem hafa áhuga á rannsóknum á notkun lyfja frá ýmsum sjónarhornum með vísindalegum aðferðum.

Vísindamenn á þessu sviði fagna tilkomu gagnagrunna sem gefa færi á að rannsaka þátt lyfja í heilbrigði og sjúkdómum. Það er því gleðiefni að Alþingi skuli hafa fengið frumvarp þessa efnis sem gerir íslenskum fræðimönnum kleyft að gera slíkar rannsóknir.

Sem formaður þessa hóps vil ég gjarnan koma þrem atriðum á framfæri sem eru mikilvæg fyrir faraldsfræðinga og hagfræðinga á sviði lyfjarannsókna.

1. Mikilvægt er að hafa rannsóknir í lyfjafaraldsfræði og heilsuhagfræði að leiðarljósi við hönnun ópersónugreinanlega (dulkóðaða) gagnagrunnsins - hvort sem þær eru stundaðar innan vébanda heilbrigðisyfirvalda eða ekki (þ.e. af öðrum rannsóknaraðilum).
2. Mikilvægt er að hægt verði að samkeyra upplýsingar um lyfjanotkun við aðrar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu sem gera vísindamönnum og yfirvöldum kleift að meta árangur lyfjanotkunar. Ekkert er talað um dulkóðunina sem slíka í drögunum, en það er nauðsynlegt að ákveða með hvaða hætti gögnin verða dulkóðuð strax í upphafi að höfðu samráði við Persónuvernd.
3. Mikilvægt er að tryggja aðgang að upplýsingum um lyf sem ekki njóta greiðsluþátttöku hins opinbera. Nauðsynlegt er að geta rannsakað samspil notkunar lyfja sem hafa greiðsluþátttöku og hinna sem ekki er greitt í. Að auki er þetta algjör forsenda þess að hægt verði að stunda rannsóknir á sviði heilsuhagfræði og lyfjafaraldsfræði héraendis.

Með vinsemd og virðingu,

Anna Birna Almarsdóttir, dósent í stefnumörkun lyfjamála við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands
og formaður Félags um rannsóknir á lyfjanotkun.
